



# MÁLEFNASAMNINGUR

---

**Framsóknar og stuðningsmanna &  
Sjálfstæðisflokks í Sveitarfélaginu Hornafirði  
2026 - 2030**

# MARKMIÐ

---

Samstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kjörtímabilið 2026-2030 snýst um að efla búsetuskilyrði í Sveitarfélaginu Hornafirði enn frekar. Viðfeðmi þess veldur ólíkum áskorunum milli svæða en þó er hægt að finna ákveðinn samhljóm. Við megum ekki tapa sjónar á því að við erum eitt sveitarfélag og saman myndum við traustan grunn. Því er enn mikilvægara að kjörnir fulltrúar séu sífellt með hag allra íbúa að leiðarljósi, óháð búsetu eða uppruna.

Næstu fjögur ár eru mikilvæg fyrir íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði og tækifærin liggja víða. Á sama tíma og við stefnum á viðamiklar fjárfestingar viljum við hlúa áfram að traustum rekstri. Við viljum að Sveitarfélagið sé samkeppnishæfara og vitum að það er vel í stakk búið að takast á við verkefnið. Áherslan er á hag fjölskyldna. Lækkun álagna, uppbygging innviða og betri þjónusta eru lykilskref. Við þurfum að horfa fram á veginn og taka ákvarðanir með framtíðarsýn en einnig taka tillit til umhverfis og sjálfbærnisjónarmiða.

Lögð verður rík áhersla á opið samtal og bættu upplýsingagjöf milli íbúa og stjórnarsýslu. Mikilvægt er að vanda til verka í skipulagsmálum og ætlum við að gæta sérstaklega að góðu samráði við íbúa, kynningu og samtali á fyrstu stigum hvers máls og hlusta eftir ólíkum sjónarmiðum.

Fræðslu- og frístundamál er lykilmálaflokkur til að byggja upp gott og eftirsóknarvert samfélag til að búa í. Við viljum hlúa að og styrkja leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það verður gert með uppbyggingu mannvirkja, sem og að hlúa að öflugu innra starfi. Sérstaklega verður leitast eftir að styrkja list-, verk og raungreinar. Við ætlum að tryggja góða aðstöðu fyrir ólíka hópa í frístunda- og íþróttastarfi í öllu sveitarfélaginu.

# MARKMIÐ

---

Hlúa þarf að velferð íbúa í breiðum skilningi. Tryggja þarf aðgang að sérfræðipjónustu, efla lýðheilsu og skoða leiðir til að tryggja enn frekar aðgang fólks í dreifbýli að velferðarþjónustu. Við viljum taka vel á móti nýjum íbúum og hjálpa þeim við að aðlagast og taka þátt í samfélaginu.

Með því að tengja saman umhverfis-, atvinnu- og menningarmál leitumst við eftir að ná skarpari sýn á þróun samfélagsins. Umhverfismál leggja grunn að ábyrgri nýtingu auðlinda og vernd þeirra gæða sem atvinnulíf byggir á. Atvinnumál tryggja nýsköpun, fjölbreytt störf og fjárhagslegan styrk samfélagsins. Menningarmál gegna síðan lykilhlutverki við að efla sjálfsmynd, samfélagslega samheldni og aðdráttarafli svæða fyrir íbúa og gesti.

Við ætlum að gæta hagsmuna íbúa, atvinnulífs og opinberrar starfsemi í sveitarfélaginu með því að byggja upp traust samstarf við opinbera aðila. Bættar samgöngur, heilbrigðisþjónusta og ekki síst hagur heimamanna í tengslum við starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs er hluti af brýnustu verkefnum komandi kjörtímabils.

Saman ætlum við að gera Sveitarfélagið Hornafjörð að enn betri stað til að búa á og góðan valkost fyrir íbúa sem hafa áhuga á að setjast hér að.

# STJÓRNSÝSLA & FJÁRMÁL

---

Traustur rekstur og ábyrg fjármálastjórn er forsenda öflugrar þjónustu og markvissrar innviðauppbýggingar. Einnig skiptir máli að stilla álögum í hóf og að sveitarfélagið sé samkeppnishæft. Stjórnsýsla á að vera opin, þjónustumiðuð og skilvirk en þar spilar mannauðurinn lykilhlutverk. Til að ná því fram munum við:

- Byrja á að lækka fasteignaskatt og tryggja að hann hækki ekki umfram verðlag á kjörtímabilinu.
- Setja upp greiðsluáætlun milli sjóða þannig að unnt sé að lækka fráveitugjald í 0,26% á kjörtímabilinu.
- Fella niður fæðisgjöld í leikskóla og dagvistun og taka upp nýtt systkinaafsláttarkerfi strax á nýju skólaári.
- Formfesta hlutverk íbúaráða, styrkja þau í sessi og stytta boðleiðir með því að minnsta einn bæjarfulltrúi sitji fundi ráðanna í hvert skipti.
- Opna samtalið við íbúa og bæta upplýsingaflæði ásamt því að byggja upp opna, þjónustumiðaða og skilvirkari stjórnsýslu með innleiðingu snjallra lausna.
- Innleiða þjónustustefnu þar sem lögð er áhersla á hlýlegt, jákvætt og lausnamiðað viðmót.
- Setja upp 10 ára framkvæmdaáætlun en slíkt hefur í för með sér aukinn fyrirsjáanleika og breiðari samstöðu til lengri tíma.

# UMHVERFIS-, ATVINNU- & MENNINGARMÁL

---

Við ætlum að greina kosti þess að færa umhverfismál undir sama hatt og atvinnu- og menningarmál. Helstu rökin eru að umhverfismál eiga á hættu að tynast í flóði skipulagsmála sem þau eru núna tvinnuð saman við. Einnig eru það rök að með því að tvinnu saman umhverfis-, atvinnu – og menningarmál má segja að hinir þrír meginþættir sjálfbærrar þróunar séu komnir undir sömu nefndina. Kjarninn í sjálfbærri þróun sé einmitt að finna jafnvægi milli atvinnuþróunar, samfélags og menningar og umhverfis. Til að hefja upp alla þessa þrjá málaflokka ætlum við að:

- Vernda og byggja upp hluta Miklagarðs fyrir listir og menningu og samhliða setja reglur um úthlutun og notkun á húsinu.
- Stuðla að því að Gamlabúð verði lifandi safn og upplýsingamiðstöð.
- Nýta félagsheimili betur í samráði við nærsamfélagið, setja aukna áherslu á viðhald og endurbætur á og í kringum húsin.
- Loka gönguhring um Höfn og setja lýsingu á strandstíginn.
- Endurskoða umgjörð úrgangsmála, bæta aðgengi og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli með það að markmiði að einfalda og gera kerfið sanngjarnara.
- Vinna að markvissri markaðssetningu í samvinnu við atvinnulífið.
- Móta heildstæða atvinnustefnu þar sem áherslan er á fjölbreytt atvinnulíf.
- Styðja nýsköpunar- og rannsóknarstarf.
- Skapa frekari möguleika fyrir störf án staðsetningar, þ.m.t. í dreifbýli.
- Hlúa sérstaklega að landbúnaði, m.a. með að þrýsta á uppbyggingu girðinga meðfram Hringvegi og framgangi þjónustusláturhúss.

# SKIPULAGSMÁL

---

Vöxtur og áhugi á uppbyggingu kallar á vönduð vinnubrögð. Móta þarf sýn til langs tíma en ekki taka mið af stundarhagsmunum. Þörf er á áframhaldandi styrkingu innviða og að tryggja fjölbreytt lóðaframboð til framtíðar. Við munum:

- Tryggja nægar lóðir fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði.
- Styðja við uppbyggingu eignar- og leiguhúsnæðis fyrir alla hópa víðsvegar í sveitarfélaginu.
- Einfalda og skýra stjórnsýsluferla í skipulagsmálum sveitarfélagsins.
- Halda áfram að byggja upp græn svæði með áherslu á fegrun sveitarfélagsins, aukinni gróðursetningu og bættri umhirðu.
- Bæta ásýnd sveitarfélagsins og viðhald á eignum þess.
- Skapa aðstæður til fjölbreyttrar útivistar og huga að aðgengi fyrir alla.
- Öryggi íbúa og gesta þarf að fá aukið vægi, bæði í umferð og við fjölfarna ferðamannastaði.

# FRÆÐSLU- & FRÍSTUNDAMÁL

---

Menntun skapar jafnari tækifæri. Við leggjum áherslu á enn öflugra starf á sviði fræðslu- og frístundamála. Íþróttir og hreyfing efla heilsu og eru hornsteinn í félagsmótun og forvarnarstarfi. Við styrkjum innviði, förum í nauðsynlegar fjárfestingar og tryggjum íbúum í sveitarfélaginu öllu jafnari tækifæri til þátttöku. Þessu náum við fram með því að:

- Byggja íþróttahús með tilliti til heildarskipulags og framtíðaruppbyggingu grunnskólans og annarra innviða á miðsvæðinu ásamt því að leggja gervigras á Sindravelli.
- Bæta aðstæður nemenda og starfsfólks í lengdri viðveru, matsal og skólalóð Grunnskóla Hornafjarðar.
- Tryggja góða stoðþjónustu í leik- og grunnskólum.
- Gera skólaferðalög gjaldfrjál.
- Hækka frístundastyrk í 140 þúsund fyrir börn 6-18 ára og 30 þúsund fyrir börn 5 ára og yngri.
- Skapa aðstæður til bættrar íþróttaiðkunar í dreifbýli, með frístundahús í Örafum í forgangi.
- Styðja við markvissa móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál.
- Styðja við og efla samstarf á milli grunnskólanna og FAS.
- Vinna að uppbyggingu nemendagarða í samstarfi við ríkið og FAS.
- Styrkja íþróttastarf og leita leiða til að draga úr brottfalli í samvinnu við íþróttafélögin.
- Setja upp hreystibraut á miðsvæði.
- Endurnýja rennibrautir við sundlaug.

# VELFERÐARMÁL

---

Tryggja þarf góða þjónustu og stuðning innan velferðarkerfisins. Góð og örugg þjónusta sem svarar þörfum íbúa óháð aldri, uppruna og búsetu er afar mikilvæg í sveitarfélaginu öllu. Við munum beita okkur fyrir:

- Bættri lýðheilsu fyrir alla aldurshópa og kanna forsendur fyrir 30 þúsund króna frístundastyrk fyrir eldri Hornfirðinga með von um aukna virkni og fjölbreyttara félagsstarf fyrir þann aldurshóp.
- Nýjum leiðum til að efla heimaþjónustu utan hefðbundins dagvinnutíma og veitingu velferðarþjónustu fyrir þá sem lengst eiga að sækja.
- Eflingu fjölmeningarráðs og tengja það betur við stjórnslu og aðrar nefndir bæjarins.
- Þátttöku fólks af ólíkum uppruna í samfélagsmálum, stuðla að inngildingu með aðkomu að BaraTala smáforritinu og bjóða upp á aðstöðu í félagsheimilunum og víðar til íslenskunáms.
- Bættri aðstöðu fyrir verndaðan vinnustað ásamt því að hefja undirbúningsvinnu búsetukjarna fyrir fatlaða og öryggis- og þjónustuíbúða fyrir aldraða.
- Framgangi í verkefni björgunarmiðstöðvar í Örafum.

# HAFNARMÁL

---

Höfnin er lífæð samfélagsins. Gæta þarf að hagsmunum fjölbreyttrar útgerðar á sama tíma og að hlúa þarf að margvíslegri starfsemi í ferðaþjónustu við höfnina. Við teljum að þetta geti farið saman og samspil þessara tveggja þátta við höfnina geti eflt svæðið til muna. Þörf er á að:

- Tryggja framgang lausna á Grynnslnum til framtíðar.
- Tryggja áframhaldandi viðhaldsdýpkun í höfninni.
- Þróa höfnina fyrir fjölbreytta starfsemi en samhliða efla og viðhalda aðstöðu fyrir hafnsækna starfsemi.
- Bæta uppbyggingu, viðhald og ásýnd hafnarmannvirkja með auknu öryggi að leiðarljósi.
- Yfirfara gjaldskrá og þjónustu vegna landana smábáta.
- Tryggja gott sambýli ólíkra atvinnugreina á hafnarsvæðinu.

# HAGSMUNAGÆSLA

---

Gott samstarf sveitarfélagsins og ríkisins er forsenda blómlegrar byggðar. Við ætlum að tryggja gott samtal við Alþingi, ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkisins með hag íbúa að leiðarljósi. Eitt af lykil áherslumálum eru hagsmunir íbúa gagnvart Vatnajökulspjóðgarði. Íbúar í Öräfum, í Suðursveit og á Hornafirði höfðu, og hafa enn, miklar væntingar um að tilurð hans verði aflvaki í atvinnu- og byggðaðróun. Auk þess þurfum við sífellt að bæta samgöngur, hlúa að heilbrigðisþjónustu og fleiri þáttum. Við ætlum að berjast fyrir að:

- Uppbygging við Jökulsárlón hefjist í samvinnu við heimafólk.
- Heimafólk hafi aðkomu að allri stefnumótun er varðar atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins.
- Jafnvægi sé á milli náttúruverndar, útivistar og byggðaðróunar.
- Ríkið byggji upp innviði innan þjóðgarðsins.
- Færa störf í stjórnsýslu þjóðgarðsins heim í sveitarfélagið.
- Nýta þjóðgarðinn sem vettvang nýsköpunar.
- Berjast fyrir bættum fjarskiptum í sveitarfélaginu.
- Nýr Hringvegur verði lagður í Öräfum og Lóni og þar með fækkun einbreiðra brúa.
- Þjóðvegur í þéttbýli á Höfn færist.
- Hornafjarðarflugvöllur geti tekið á móti flugi erlendis frá.
- Reiknilíkön opinberra stofnana taki mið af mannfjölda á svæðinu á hverjum tíma en ekki einungis af íbúafjölda.
- Fjölga reglulegum heimsóknnum sérfræðilækna og annarra sérfræðinga.

# UNDIRRITUN MÁLEFNASAMNINGS

*Framsóknar og stuðningsmanna &  
Sjálfstæðisflokks í Sveitarfélaginu Hornafirði  
2026 - 2030*

**Í Verbúðinni í Miklagarði, 28. maí 2026**

---

**Hjalti Þór Vignisson**

---

**Gauti Árnason**

---

**Ingibjörg Sveinsdóttir**

---

**Hjördís Edda Olgeirsdóttir**

---

**Björgvin Óskar Sigurjónsson**